

# REP-980

## Steiningarlím/filtunar- og þunnmúr



### Efnislýsing

REP 980 múrefni er til vatnspéttingar, verndunar og minni viðgerða á múr og steinsteypu t.d.

- Á svalargólf, stéttar og aðra lárétta fleti.
- Á múraða fleti eftir viðgerðir.
- Á grunna, brýr, steypar einingar og önnur mannvirki.
- Sem límingarefni fyrir steingu.
- Sem límingarefni undir vatnsbretti.
- Til flísalagna og fúgunar.

### Kostir

REP 980 er gufuopið, vatnspétt og frostþolið sementsbundið efni sérstaklega ætlað til filtunar kústunar og í smærri viðgerðir í lagþykkt 0-10 mm. REP 980 hefur mjög góða viðloðun við undirlagið og ver steypu gegn mengun af völdum útblásturs bifreiða.

### Undirvinna

Viðgerðarflöturinn skal vera hreinn og laus við alla lausa og morknaða steypu. Skola skal burtu öllu ryki og lausum múr.

### Grunnur

Grunna skal flötinn með Weber 4716 grunni. (1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn.).

Á járnfleti og steypurstyrktarjárn er mælt með meðhöndlun með Repol BS7.

### Blöndun og lögn

#### Til viðgerða

Setja skal 3,2 – 3,6 lítra af vatni í hræriílátíð. Hellið úr 1 poka af REP 980 meðan hrært er. Mælt er með að nota hægginga borvél.

Hræra skal í 2-3 mín. eða þangað til allir kekkir eru farnir. Látið síðan standa í ca 5 mín. og hrærið aftur í 1. mín. fyrir notkun.

#### Til kústunar

Eftir að búið er að hræra eins og að ofan greinir, þá skal bæta í blönduna 1,6 lítrum af vatni. Þá er efnið tilbúið til kústunar. Mælt er með að farið sé 2 til 3 umferðir. Hitastig skal vera yfir 5 gráður í sólarhring eftir notkun. Gæta skal að of hraðri þornun með því að bleyta múrinn eða breiða yfir með plasti

### Geymsluþol

Rep 980 geymist í 1 ár í óopnuðum pokum, geymdum á þurrum stað.

### Athugið

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

### Annað:

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á ofangreindar upplýsingar sem leiðbeinandi.

### Eiginleikar Rep-980

<b>Þykktarsvið</b>	0-10mm
<b>Holu eða sprungufyllingar</b>	20mm
<b>Prýstíþol (EN 13813)</b>	10 N/mm <sup>2</sup> eftir 24 tíma
<b>Prýstíþol (EN 13813)</b>	24 N/mm <sup>2</sup> eftir 7 daga
<b>Prýstíþol (EN 13813)</b>	28 N/mm <sup>2</sup> eftir 28 daga
<b>Kornastæði</b>	0-0,8mm
<b>Vatnsmagn í 20 kg poka</b>	
Vatnsmagn til viðgerða	3,2 – 3,6 lítrar
Vatnsmagn til kústunar	4,8 – 5,2 lítrar
<b>Efnisnotkun 1mm þykkt</b>	1,8 kg/m <sup>2</sup>